

GJALDSKRÁ

Norðurorku hf. fyrir hitaveitu.

1. gr.

Norðurorka hf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða (allar veitur nema Ólafsfjörður og Reykjavæita):

A. Vatnsgjald.

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.
Grunnverð kr. 110,44.

B. Fastagjald.

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:
Fast gjald fyrir hvern mæli:

Mælir	Grunnverð kr./dag
15 mm	59,66
20 mm	127,87
25 mm	247,21
32 mm	477,36
40 mm	971,77
50 mm	1.875,34

C. Heimæðagjald. Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjavæita):

Þvermál inntaks	Grunnverð kr.
20 mm heimæð	449.697,61
25 mm heimæð	567.191,63
32 mm heimæð	745.396,23
40 mm heimæð	1.020.340,40
50 mm heimæð	1.453.370,85
65 mm heimæð	2.151.038,37
80 mm heimæð	3.298.184,85

Lengdargjald:

- Lengdargjald í dreifbýli er 5.083,42 kr./m. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að fráregnum 20 metrum.
- Lengdargjald í þéttbýli er 9.038,17 kr./m. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.
- Sérstakt viðbótar heimagnagjald þegar ídráttarrör vantar eða það reynist ónothæft 10.802,36 kr./m.

D. *Bráðabirgðaheimæðar:*

<i>Hitaveita</i>	<i>Grunnverð kr.</i>	<i>Lengdargjald kr./m</i>
20 mm	49.171,98	6.847,10
25 mm	49.171,98	6.847,10
32 mm	49.171,98	6.847,10

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

4. gr.

Ólafsfjörður.

Fast gjald, tengigrind og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri gjaldskrá, sjá hér að ofan.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.525,23.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 67,59.

5. gr.

Reykjaveita.

Fast gjald, tengigrindargjald og lengdargjöld eru þau sömu og í almennri gjaldskrá, sjá hér að ofan.

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattstundagildi (kWh) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattstunda (kWh) er bakrásarhiti ákvarðaður með fast gildi 25°C fyrir mæla setta upp árið 2011 og fyrir 30°C fyrir mæla setta upp frá árinu 2012 og síðar.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 162,43 sé gjaldið samkvæmt rúmmetramælingu.

Vatnsgjald fyrir hverja kílóvattstund (kWh) er kr. 3,84 sé gjaldið samkvæmt kílóvattstundamælingu fyrir mæla með fast gildi bakrásar 25°C en kr. 4,42 fyrir mæla með fast gildi bakrásar 30°C. Norðurorka hf. ákvarðar hvort gjald fyrir afnot af vatninu er samkvæmt rúmmetramælingu eða kílóvattstundamælingu. Er við það miðað að meginreglan sé sú að greitt sé samkvæmt kílóvattstundamælingu í Reykjaveitu.

*Heimæðagjald.**Grenivík:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	592.066,48
25 mm heimæð	752.275,35
32 mm heimæð	995.255,72
40 mm heimæð	1.370.143,25
50 mm heimæð	1.960.378,68
65 mm heimæð	2.911.545,70

Dreifbýli:

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	762.633,25
25 mm heimæð	973.973,39
32 mm heimæð	1.294.603,18
40 mm heimæð	1.789.226,59

6. gr.
Ýmis ákvæði.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir, húsveita eða annar búnaður bila þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Ef heimlagnagjald, þar með talið lengdargjald, stendur ekki undir kostnaði s.s. í frágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi við umsækjanda.

Tengigrindargjald er innifalið í heimæðagjaldi en sé óskað eftir auka tengigrind kostar hún kr. 58.040,22.

Í sumarbústaði, frístundahús, vinnuskúra og þess háttar skal settur skápur á útvegg fyrir inntak heimlagnar samkvæmt nánari leiðbeiningum og skilmálum sem koma fram í heimlagnabæklingi.

Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta lágmarksgjalds samkvæmt gjaldskránni.

Grunnverð fyrir sumarhús, frístundahús, verbúðir, hesthús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvarar gjaldi fyrir 300 m³ af heitu vatni eða 12.800 kWst. þar sem orku-mæling er.

7. gr.

Innheimtugjald er samkvæmt gjaldskrá viðkomandi innheimtufyrirtækis samkvæmt samningi þar að lútandi.

Ýmis önnur gjöld:

	<i>kr.</i>
Lokunargjald	2.975,18
Mælaálestrargjald	2.082,84
Seðilgjald	200,00
Afgreiðslugjald á vinnutíma	4.646,09
Afgreiðslu- og opnunargjald utan vinnutíma	20.127,16

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og lögum nr. 159/2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2017 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Norðurorku hf. nr. 30/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. desember 2016.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.